



Alþingi
Erindi nr. Þ 127/672

komudagur 8.2.2002

Skagafjarðarveitur

Borgarteig 15 - 550 Sauðárkróki - Sími 453-5257 - Fax 453-6267 - Kt: 691097-2509

Sauðárkróki 5. febrúar 2002

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Málefni:

Frumvarp til laga um vatnsveitur sveitarfélaga, 378. mál.

Erindi Félagsmálanefndar Alþingis dagsett 29. janúar hefur verið mótttekið og er hér svarað samkvæmt bókun veitustjórnar Sveitarfélagsins Skagafjarðar frá 18. desember 2001 sem síðan var samþykkt í sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar 21. desember 2001.

1. *Formaður gerði grein fyrir sameiningu Hita- og vatnsveitu Skagafjarðar, með tilliti til lagabreytingar á Alþingi sem fyrirhugaðar eru að vori og yfirför forsendur fyrir áætludum efnahags- og rekstrarreikningi ásamt sjóðstreymi sameinaðs fyrirtækis. Formaður lagði fram eftirfarandi tillögu, sem veitustjórn samþykkti:*

Veitustjórn samþykkir að leggja til við sveitarstjórn að sameina Hitaveitu Skagafjarðar og Vatnsveitu Skagafjarðar í eitt öflugt orkufyrirtæki miðað við 31. desember 2001. Stofnað verður nýtt fyrirtæki sem heiti Skagafjarðarveitur.

Þannig verður til eitt veitufyrirtæki sem standa mun að öflun, flutningi og sölu á heitu og köldu vatni í Skagafirði. Eigið fé fyrirtækisins verði um 40% af heildareignum.

Helsta markmiðið með hinu nýja fyrirtæki, til lengri tíma litið, er að hagræða í rekstri, auka skilvirkni og einfalda stjórnun. Það eru áform veitustjórnar að með sameiningunni verði lagður grunnur að því að stofna síðar sjálfstætt hlutafélag um veitufyrirtækið. Það hlutafélag verður þó ekki stofnað fyrr en nauðsynlegar lagabreytingar hafa verið gerðar á Alþingi sem heimila að vatnsveitur verði reknar í slíku hlutafélagi.

Eins og fram kemur hér í samþykktari fundargerð veitustjórnar og síðar sveitarstjórnar Sveitarstjórn Skagafjarðar hafa veiturnar verið sameinaðar en beðið er eftir þessari lagabreytingu frá Alþingi til að breyta félaginu í hlutafélag.

Virðingarfyllst

Páll Pálsson veitustjóri.